

Minnispunktur

Efni: Foreldraráðsfundur

Dagsetning: 4. febrúar 2014

Staðsetning: Ungbarnaleikskólinn Ársól, Sólheimum 31-35

Mættir: Berglind Grétarsdóttir skólastjóri (fundarritari), Sigríður Þorvarðardóttir, Sólveig Ragna Guðmundsdóttir og Þórdís Kolbrún Gylfadóttir. Á fundinn vantaði Helgu Þóreyju Júlíudóttur.

1. Foreldraráðið skipti með sér hlutverkum. Sigríður verður formaður, Sólveig Ragna verður ritari og Helga Þórey og Þórdís Kolbrún verða meðstjórnendur.
2. Foreldraráðið er sambland af ráði og foreldrafélagi vegna smæðar skólans. Því eru hlutverk í foreldraráði þau sömu og í foreldrafélaginu. Vegna þess hversu ör skipti er á börnum í Ársól og einstaklingar í foreldraráðinu sitja einungis eitt ár í einu þá var ákveðið af foreldráðinu sem sat skólaárið 2012-2013 að Berglind skólastjóri hefði prófkúru á reikning foreldrafélagsins. Af þeim ástæðum er enginn gjaldkeri í foreldrafélaginu.
3. Ársól biður um leyfi foreldraráðsins að breyta öðrum af tveimur auglýstum starfsdögum í apríl. Starfsfólk Ársólar eru að fara í námsferð til London þann 23. apríl n.k. og er stefnt að því að skólinn sé lokaður þann dag og svo föstudaginn 25. apríl (sumardagurinn fyrsti kemur þar á milli). Samkvæmt skóladagatali sem síðasta foreldraráð samþykkti var annar starfsdagurinn auglýstur 28. apríl en það hentar betur að hafa lokað miðvikudaginn 23. apríl. Foreldráðið samþykkti þessa breytingu.
4. Ákveðið var að halda vor/sumarhátíðina fimmtudaginn 5. júní. Berglind skólastjóri athugar með að fá Skoppu og Skríttlu til að skemmta.
5. Almenn ánægja er með að kennarar í Ársól hringi í foreldra ef t.d. barn þeirra er bitið eða fær kúlu vegna falls og þess háttar. Foreldrar vilja vita af þessu þó svo að ekki sé ætlast til þess að börn þeirra séu sótt. Stjórnendur (skólastjóri og deildarstjórar) Ársólar finnst mikilvægt að það gleymist ekki að segja foreldrum ef eitthvað hefur komið upp á yfir leikskóladaginn. Upplýsingaflæði á milli heimilis og skóla er mikilvægt.

6. Berglind sýndi foreldraráðinu áhersluþætti Heilsustefnunnar sem er nýbúið að gefa út af Samtökum Heilsuleikskóla. Einnig dreifði hún Stefnumótun Skóla 2012-2016 (fyrirtækið sem rekur Ársól).
7. Dagur leikskólans er fimmtudaginn 6. febrúar. Þann dag er leikskólastarfið gert sýnilegt á ýmsan hátt og við í Ársól setjum upp myndir af starfinu með börnunum þar sem námssvið leikskólans koma fram.

Skólar fá tvær tilnefningar til Orðsporsins 2014 sem eru viðurkenningar veittar til þeirra sem þykja skara framúr í leikskólastarfi. Tilnefningarnar sem við fengum eru fyrir matarsefnu okkar með áherslu á hollustu og svo Guðmundur Pétursson framkvæmdastjóri fyrir leikskólarekstur og m.a. góð kjör deildarstjóra og leikskólakennara. Hægt er að sjá tilnefningarnar allar á eftirfarandi slóð <http://fl.ki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=17904>